Nr. 12.
9.
oktbr.

# Auglýsing,

um

að konungsúrskurður 18. septbr. 1793, viðvíkjandi því, að leggja skuli niður Gufunes-spítala og fl., sje úr gildi numinn.

---

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðsins hefir hans hátign konunginum þóknazt 7. þ. m. allramildilegast að fallast á, að konungúrskurður 18. septbr. 1793 viðvíkjandi því að leggja skuli niður Gufunes-spítala og fl., skuli úr gildi numinn, þannig að veitt verði eptirleiðis úr styrktarsjóði þeim, sem stofnaður var með allrahæstum úrskurði 14. marz. 1832, samkvæmt reglugjörð þeirri um sjóð þennan, sem allramildilegast var staðfest 7. júní s. á., svo mikið fje til styrktar handa heiðvirðum, öldruðum og fátækum leiguliðum, og ekkjum á hinu konunglegu jarðagózi í Gullbringu sýslu og Mosfellsveit og ef til kemur annarstaðar í suðuramtinu, sem hinar árlegu tekjur tjeðs styrktarsjóðs hrökkva til, og að landssjóðurinn leggi til það, sem á vantar, ef hinar árlegu tekjur sjóðsins eigi nægja til þess að greitt verði nú sem stendur að öllu leyti styrktarfje það, sem þegar er veitt samkvæmt hinum gildandi reglum.

þetta skal hjermeð gefið almenningi til vitundar.

*Í stjórnarráðinu fyrir Ísland, 9. dag oktbrm. 1875.*

***Nellemann.***

---

*F. Vestergaard,*
Asst.

---

# Bekjendtgjørelse

Nr. 12.
9.
Oktbr.

om

## Ophævelse af allerhøieste Resolution af 18de September 1793 angaaende Nedlæggelsen af Gufunes Hospital m. m.

Paa Ministeriets derom nedlagte allerunderdanigste Forestilling har det under 7de d. M. behaget Hans Majestæt Kongen allernaadigst at bifalde, at den allerhøieste Resolution af 18de September 1793 angaaende Nedlæggelsen af Gufunes Hospital m. m. ophæves, saaledes at der for Fremtiden til værdige, gamle og fattige Leilændinge og Enker paa det kongelige Jordegods i Gullbringu Syssel og Mosfelssveit og eventuelt i den øvrige Del af Sønderamtet bevilges saa mange Pensioner af den ved allerhøieste Resolution af 14de Marts 1832 oprettede Understøttelsesfond i Overensstemmelse med det for denne Fond under 7de Juni næstefter allerhøist approberede Regulativ, som bemeldte Understøttelsesfonds aarlige Indtægter maatte være i Stand til at udrede, og at Landskassen, for saa vidt Fondens aarlige Indtægter ikke maatte være tilstrækkelige til for Tiden fuldt ud at udbetale de Pensioner, der alt ere bevilgede i Henhold til de gjældende Regler, tilskyder det Manglende.

Dette kundgjøres herved til almindelig Efterretning.

**Ministeriet for Island, den 9de Oktober 1875.**

***Nellemann.***

*F. Vestergaard,*
Asst.